



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Landsþingi
Slysavarnarfélagsins Landsbjargar
23. maí 2003**

Heiðruðu þingfulltrúar,
björgunar- og slysavarnafólk og aðrir gestir

Við Íslendingar elskum okkar land, litbrigðin, birtuna, grösuga dali, þverhnipt björg; geymum fjallasýn í sálum okkar, tign jöklanna, hvítfyssandi fossa, grágrænar hraunbreiður sem kallast á við svarta öskusanda – sólarlag á júníkvöldi, logagylltir firðir og sínfónía fuglasöngsins boðar líf og nýjan dag.

Fegurðin hefur verið uppspretta ættjarðarástar, veitt skáldum innblástur og kemur ætíð í hugann þegar spurt er um sérstöðu okkar í veröldinni.

Samt vitum við öll að ásýndin er ekki alltaf blíð. Þvert á móti. Stormar og stríðir vindar, ægiveður á miðum úti, fannfergi á fjöllum, snjóflóð í byggð, jökulsprungur gína við göngumönnum, bylur hylur alla útsýn, vegfarendur týna áttum, fiskibátur berst í brimgarði, skipverjar að glata allri von – heima bíða ástvinir óttaslegnir og heilu byggðarlögin skynja sorg og sáran kvíða.

Andstæður Íslands; einstakar í veröldinni; örlagavaldar í okkar sögu; ögrandi á hættustundum – og björgunarfólkið sú fylking sem best nær að beisla og brúa hin ólíku fljót sem hér koma saman; björgunarfólkið sem við þjálfum og í margri þraut hefur séð allar þær ásjónur sem Ísland á, notið fegurðar á fjöllum uppi en einnig lagt líf sitt í hættu þegar ættjörðin birtist í úfnum ham.

Það er gæfa okkar Íslendinga að eiga björgunarsveitir sem sameina hæfni og úthald, byggja á getu hvers og eins, öguðum vilja og samvirku afli þar sem allir leggjast á eitt; björgunarsveitir sem eru samnefnarar fyrir bestu eiginleika byggðarlaga, samvinnu og stuðning, metnaðinn til að koma öðrum til hjálpar, svara neyðarkalli á hættustund.

Það er mörgum þjóðum undrunarefni hvernig Íslendingum hefur tekist að byggja á sjálfböðastarfi í svo ríkum mæli, hvernig það tekst að laða fólk úr öllum stéttum til að vinna saman, þróa öflug samtök þar sem sjálfböðastarfið er lykilþáttur.

Vissulega er margt í tíðaranda sem er andstætt slíkri skipan en hún hefur einnig marga kosti sem saga okkar sýnir vel; hún skapar Íslendingum líka erindi á alþjóðavelli sem athygli vekur og er áminning til annarra þjóða um að göfuglyndi og bræðræpel, samstaða og systrabönd eru ekki aðeins dýrmætir eiginleikar innan fjölskyldunnar heldur einnig á vettvangi samfélagsins.

Mér hefur löngum fundist að í slysavörnum og björgunarstarfi hafi varðveist þeir eiginleikar sem Íslendingum hafa reynst best um aldir og þess vegna séu samtök ykkar einnig vörslumenn eðlisþátta sem þjóðin má aldrei glata. Liðsmenn ykkar í fámennri byggð, sjávarþorpi eða afskekkttri sveit, eru kjarninn í samheldninni sem þar er nauðsyn – og þjálfunin sem ungmenni úr höfuðborg eða stærri bæjum fá á ykkar vegum er uppeldisstarf sem miklu mun skila í framtíðinni.

Í rauninni eru félögin sem hér koma til þings svo samofin sjálfsvitund okkar Íslendinga að ekki er gerlegt að skilja eða skýra til hlítar þjóðareðlið án þess að kunna góð skil á ykkar starfi.

Ég vona að þið skynjið stuðninginn sem þið eigið vísan hjá landsmönnum öllum og sækið á erfiðum stundum bjartsýni og kjark í þá vissu að þjóðin vill ávallt eiga ykkur að.

Ég færi ykkur einlæggar þakkir fyrir fórnfúst starf í áraraðir og óska ykkur heilla og farsældar í framtíðinni.